

## REGLUGERÐ um umdæmi sýslumanna.

1. gr.

Landinu er skipt í níu umdæmi sýslumanna. Eiga sveitarfélög undir hvert þeirra, sem hér segir:

1. *Umdæmi sýslumannsins á höfuðborgarsvæðinu:*  
 Reykjavíkurborg, Seltjarnarnesbær, Mosfellsbær, Kjósarhreppur, Hafnarfjarðarkaupstaður, Garðabær og Kópavogsþær.  
 Aðalskrifstofa: Höfuðborgarsvæðið.  
 Sýsluskrifstofur og önnur útibú: Samkvæmt ákvörðun ráðherra hverju sinni eftir tillögu sýslumanns.
2. *Umdæmi sýslumannsins á Vesturlandi:*  
 Akraneskaupstaður, Hvalfjarðarsveit, Skorradalshreppur, Borgarbyggð, Snæfellsbær, Eyja- og Miklaholtshreppur, Grundarfjarðarbær, Helgafellssveit, Stykkishólmsbær og Dalabyggð.  
 Aðalskrifstofa: Stykkishólmur.  
 Sýsluskrifstofur: Akranes, Borgarnes.  
 Önnur útibú: Ólafsvík, Búðardalur.
3. *Umdæmi sýslumannsins á Vestfjörðum:*  
 Reykhólahreppur, Vesturbyggð, Tálknafjarðarhreppur, Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Súðavíkurhreppur, Árneshreppur, Kaldrananeshreppur og Strandabyggð.  
 Aðalskrifstofa: Patreksfjörður.  
 Sýsluskrifstofa: Ísafjörður.  
 Önnur útibú: Bolungarvík, Hólmavík.
4. *Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi vestra:*  
 Húnafjörð vestra, Húnvatnshreppur, Blönduósþær, Sveitarfélagið Skagaströnd, Skagabyggð, Sveitarfélagið Skagafjörður og Akrahreppur.  
 Aðalskrifstofa: Blönduós.  
 Sýsluskrifstofa: Sauðárkrúkur.
5. *Umdæmi sýslumannsins á Norðurlandi eystra:*  
 Fjallabyggð, Dalvíkurbyggð, Hörgársveit, Akureyrarkaupstaður, Eyjafjarðarsveit, Svalbarðsstrandarhreppur, Grýtubakkahreppur, Þingeyjarsveit, Skútustaðahreppur, Norðurþing, Tjörneshreppur, Svalbarðshreppur og Langanesbyggð.  
 Aðalskrifstofa: Húsavík.  
 Sýsluskrifstofur: Akureyri, Siglufjörður.  
 Annað útibú: Dalvík.
6. *Umdæmi sýslumannsins á Austurlandi:*  
 Vopnafjarðarhreppur, Fljótsdalshreppur, Fljótsdalshérað, Borgarfjarðarhreppur, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur og Djúpavogshreppur.  
 Aðalskrifstofa: Seyðisfjörður.  
 Sýsluskrifstofur: Egilsstaðir, Eskifjörður.  
 Annað útibú: Vopnafjörður.
7. *Umdæmi sýslumannsins á Suðurlandi:*  
 Sveitarfélagið Hornafjörður, Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Sveitarfélagið Árborg, Flóahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrúnmannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hveragerðisbær og Sveitarfélagið Ölfus.  
 Aðalskrifstofa: Selfoss.

Nr. 1151

19. desember 2014

Sýsluskrifstofa: Höfn.  
Önnur útibú: Hvolsvöllur, Vík.

8. *Umdæmi sýslumannsins í Vestmannaeyjum:*

Vestmannaeyjabær.  
Aðalskrifstofa: Vestmannaeyjabær.

9. *Umdæmi sýslumannsins á Suðurnesjum:*

Grindavíkurbær, Sandgerðisbær, Sveitarfélagið Garður, Reykjanesbær og Sveitarfélagið Vogar.  
Aðalskrifstofa: Reykjanesbær.

Annað útibú: Grindavík.

2. gr.

Ef mörk milli umdæma sýslumanna eru óskýr, svo sem á hálendinu, ákveður ráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar.

Á sama hátt ákveður ráðherra í hvaða umdæmi mál komi til úrlausnar ef það getur af einhverjum ástæðum átt undir fleiri en einn sýslumann.

3. gr.

Á aðalskrifstofu sýslumanns og öðrum sýsluskrifstofum er veitt öll sú þjónusta sem sýslumönnum ber að veita samkvæmt lögum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum.

Í útibúum er veitt þjónusta á tilteknum tímum eftir því sem sýslumaður ákveður.

4. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 2. og 9. gr. laga nr. 50/2014 um framkvæmdarvald og stjórnsýslu ríkisins í héraði, öðlast gildi 1. janúar 2015. Fellur þá úr gildi reglugerð nr. 66/2007 um stjórnsýsluumdæmi sýslumanna og lögregluumdæmi lögreglustjóra, með áorðnum breytingum.

*Innanríkisráðuneytinu, 19. desember 2014.*

**Ólöf Nordal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

---

B-deild – Útgáfud.: 22. desember 2014